Flöskumóttaka
Endurvinnslan

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
skjalaritari
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
150 Reykjavík

Reykjavík 15.5.2020

Varðar umsögn til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, vegna frumvarps til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-reglur, plastvörur), 720.mál.

Umsögn Endurvinnslunnar hf.

Endurvinnslan hf. hefur áður líst því yfir að margt gott sé í þessu frumvarpi og skal það áréttað þó að athugasemd sé gerð við það.

Eins og í fyrri athugasemdum gerir Endurvinnslan hf. athugasemd við að verið sé að mismuna drykkjarumbúðum þar sem að ákvæði í þessum lögum eru meira íþyngjandi en eiga við aðrar drykkjarumbúðir. Ein röksemd löggjafans gæti verið að drykkjarumbúð sé umhverfisvænni en önnur en ekki er að sjá fullnægjandi rökstuðning fyrir því að það eigi hér við. Í frumvarpi þessu eru íþyngjandi ákvæði sem snúa sérstaklega að plastflöskum eins og um hlutfall endurunnis plast í plastflöskum, ákvæði um áfasta tappa, ákvæði um skilahlutfall og merkingar.

Endurvinnslan hf. hefur ekki gert athugasemd við að umhverfisvæn og skynsamleg ákvæði séu sett, eingöngu að þau þurfi að vera almenn og ná til allra drykkjarumbúða, sérstaklega ef að ekki er hægt að útskýra á hverju slík mismunun er byggð. Að öðrum kosti er hætt við óeðlilegri mismunun eftir umbúðargerð.

Skilakerfi norður Evrópu hafa gert athugasemd við þann hluta í tilskipun ESB sem snýr að áföstum tappa og bent á að skil séu þar um 90% og undantekningarlítið séu tappar á flöskunum eftir notkun. Tappar séu meira vandamál þar sem skilakerfi drykkjarumbúða eru ekki til staðar og skil minni. Áfastur tappi muni auka plast í hverri flösku og óljóst er hvernig áfastur tappi eigi að vera og hvernig eigi að ná honum af til að endurvinna plastflösku. Þá er líklegt að þetta muni valda vandkvæðum í talningarvélum sem telja frá viðskiptavinum þar sem tappinn flækist í færiböndum. Bent var á að leiðbeiningar til viðskiptavina gætu skilað sama árangri. Ekki hefur verið tekið tillit til þessara ábendinga.
Endurvinnslan hf. hefur túlkað tilskipun evrópusambandsins um plasttappa þannig að hún gildi um allar drykkjarumbúðir með plasttappa þó ekki nema að takmörkuðu leiti um drykkjarumbúðir úr gleri og áli. Samkvæmt þessu ættu því aðrar drykkjarumbúðir með tappa sem t.d. eru notaðar undir mjólk og safa (pappír) og barnadrykki (svokallaðar skvísur) einnig að falla undir þessa tilskipun. Þær drykkjarumbúðir eru með minni skil og því ekki síður mikilvægara að ákvæðið gildi sem forvörn í þeim drykkjarumbúðum. Í þessu frumvarpi er þó ekkert ákvæði um slíkt. Það telur Endurvinnslan hf. að geti leitt til óútskýrðrar mismununar. Plasttappi er plasttappi alveg sama hvort hann er á plastflösku eða annarri drykkjarumbúð.

Kveðja,
Helgi Lárusson
Helgi Lárusson
Framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar hf.